

Áttundi og síðasti fundur vetrarins í Gammadeild DKG var haldinn miðvikudaginn 27. maí, þann dag var ekið upp í Borgarfjörð.

Guðrún Bjarnadóttir, grasafræðikennari við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og eigandi Hespú ehf., tók á móti okkur í vinnuaðstöðu sinni í Árnesi við Andakílsvirkjun. Hún sýndi aðferðir við litun ullarinnar sem byggjast á jurta- og grasnytjum, hún kynnti einnig vörur sínar.

Ákveðið var að hittast á bílastæði Verzlunarskólans þaðan var ekið með rútu í Borgarfjörðinn. Eftir u.þ.b. klukkustundarakstur var komið í Árnes í Borgarfirði. Kristín Jónsdóttir kennslukona kynnti Guðrúnu Bjarnadóttur lítillaga og sagði frá þessu áhugaverða starfi sem hún hefur verið að vinna þ.e.a.s. að lita band með jurtum. Guðrún býr í Árnesi, þar rekur hún einnig jurtalitunarvinnustofuna Hespuhúsið.

Guðrún bauð okkur allar velkomnar á vinnustofuna sína. Hún kennir grasafræði við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og hefurlengi haft áhuga á handverki og ull. Í framhaldi af almennum áhuga á grasnytjum langaði Guðrúnu að prófa að lita ull með jurtum. Hún kaupir einband frá Ístex og litar það með íslenskum jurtum samkvæmt gömlum hefðum.

Á Íslandi er nokkuð takmarkað af jurtum þannig að hún notar einnig erlendar jurtir við litunina. Íslensk flóra er fremur fátæk af tegundum, það eru einungis um 430 plöntur á móti t.d. rúmlega 1300 tegundum í Noregi. Í sambandi við möguleika til litunnar þá er takmarkað hvaða liti við getum búið til úr íslenskum plöntum. Rautt og blátt eru til dæmis litir sem við getum ekki fengið með góðu móti úr íslenskri náttúru. Í Íslendinga-sögunum er talað um blá klæði víkinga en það eru að öllum líkindum klæði sem eru lituð erlendis.

Grasnytjar voru verk kvenna, barna og gamalmenna. Eins og við vitum þá voru það einkum karlar sem skrifuðu söguna þannig að það ekki til mikið af skrifuðum heimildum um grasnytjar.

Fyrstu tilraunirnar með jurtalitun gerði Guðrún í eldhúsinu heima hjá sér. Smá saman safnaðist upp band þar sem hún komst ekki yfir að þrjóna úr því öllu sjálf. Fólk sýndi þessari tilraunastarfsemi Guðrúnar mikinn áhuga og smám saman þróaðist þetta upp í það að taka á móti hópum, fræða um jurtalitun og selja band. Eftir að hafa kíkt í pottana hennar Guðrúnar komumst við að því að jurtalitun er mikil nákvæmnis vinna og mjög tímafrek.

Jurtalitun er náttúrulega bara eitt form af grasnytjum en hún vekur svo sannarlega athygli á grasafræði og gömlu handbragði. Þetta tilraunastarf Guðrúnar hefur undið upp á sig og nú selur hún fallegt jurtalitað einband undir nafninu Hespá. Í lok heimsóknar keyptu margar Gammakonur fallega jurtalitað garn til að taka með sér heim og vinna úr.

Veður var bjart og fallegt, það tók um hálf tíma að aka í sumarbústað Kristínar og Halldórs eiginmanns hennar. Bústaðurinn heitir Hölnaberg sem þýðir grjót á grjóti. Hann er staðsettur einstaklega fallega í landinu og er fagurt útsýn til allra átta. Bústaðurinn, sem var byggður árið 2009, er bjartur og rúmgóður. Landið sem hann stendur á hafa þau hjónin átt síðan 1996 en það ár byrjuðu þau að gróðursetja þar plöntur.

Halldór tók á móti okkur. Eftir að Gammakonur höfðu komið sér fyrir bauð Kristín okkur velkomnar og setti fund, hún kveikti á kertum vináttunnar, trúmennskunnar og hjálpseminnar. Þá var nafnakall. Alls sóttu 27 konur fundinn. Einnig voru fluttar kveðjur frá nokkrum Gammasystrum sem gátu ekki verið með á fundinum.

Fundargerð lesin Svana Friðriksdóttir las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

Fundinn sátu eftirtaldir félagar í Gammadeild: Árný Elíasdóttir, Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Bryndís Steinþórsdóttir, Edda Pétursdóttir, Elín Ólafsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðný Helgadóttir, Helga Halldórsdóttir, Helga Thorlacius, Hertha W. Jónsdóttir, Hildur Jóhannesdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir, Kristín Jónsdóttir kennslukona, Margrét Jónsdóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Jónsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir, Stefanía Arnórsdóttir, Svana Friðriksdóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir.

Veitingar bornar á borð. Dýrindis fiskisúpa var borin á borð í boði húsráðenda. Við nutum þess að borða súpuna í þessu fallega umhverfi. Síðan var boðið upp á kaffi og kökur. Á meðan á borðhaldi stóð var mikið spjallað og sumar Gammakonur rifjuðu upp gamlar minningar um ullarvinnu og jafnvel jurtalitun á bandi.

Ragnhildur færði húsráðendum rós í þakklætisskyni. Halldór tók á móti rósinni og þakkaði fyrir með yndislegum söng. Hann fékk mikið klapp fyrir. Loks lyftum við glösum og þökkum hjónunum Kristínu og Halldóri fyrir góðar móttökur.

Fundarlok Kristín kynnti lítillaga haustdagskrá deildarinnar, fyrsti fundur haustsins verður væntanlega mánudaginn 28. september. Að lokum sleit Kristín fundi og slökkti á kertunum og óskaði okkur góðrar ferðar og góðrar nætur.

Á leiðinni heim sagði Margrét sögur úr sveitinni en hún dvaldi hjá góðu fólki á næsta bæ við sumarhús Kristínar. Hún las einnig brot úr kvæðinu Afi minn fór á honum Rauð eftir Bjarka Karlsson.

Fundargerð skráði Svana Friðriksdóttir.